

94
31. júlí

8. gr.

Skifting alls almenns kostnaðar, er starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal byggjast jöfnum höndum á heymagni hvers engjasvæðis og vatnsmagni því, er hver vatnsnotandi fær við vatnsskiftinguna. Ef tregða verður á um greiðslu kostnaðar þessa, fer um það samkvæmt lögum um vatnsveitingar.

9. gr.

Allar miskliðir, er rísa kunna í fjelaginu, skal fara með samkvæmt gildandi lögum um vatnsveitingar.

Brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum: 1—200 kr., eftir dómi matsmanna, eins og mælt er fyrir um í vatnsveitingalögunum. Skulu þær renna í sjóð áveitufjelagsins.

10. gr.

Fullnaðarmat skal fara fram á tiltölu hvers engjasvæðis í vatnsmagni Krákár, þá er ítarlegri reynsla er fengin fyrir þeim grundvelli, er mat skal byggjast á (sbr. 6. gr.). Fáist eigi matsgerð eftir samkomulagi málsaðila sjálfra, skal hún gerð af lögákveðnum matsmönnum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjer með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. júlí 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

95
31. júlí

Samþykkt

um áveitu úr Mývatni í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna: Hofstaða, Geirastaða, Belgjar, Ytrineslanda, Syðrineslanda, Grímsstaða, Reykjahlíðar, Voga, Geiteyjarstrandar, Kálfastrandar, Garðs, Skútustaða, Álftagerðis og Haganess,

2. gr.

95
31. júlí

Stífla skal Laxá á þessum stöðum :

1. Milli meginlands og Helgeyjar.
2. Milli Helgeyjar og Geldingseyjar.
3. Milli Geldingseyjar og Dragseyjar.
4. Milli Dragseyjar og meginlands.

Þó má breyta um stíflustæði ef hentara þykir. Stíflur skulu þannig gerðar, að yfirborð vatnsins megi hækka um alt að 30 þumlungum.

3. gr.

Rjett til áveitu úr Mývatni eiga allir ábúendur eða umráðamenn framan- greindra jarða, alt að 20 þumlunga vatnshækkun. Að öðru leyti fer um hækkun og lækkun vatnsins eftir fyrirmælum fjelagsstjórnar eða fundarályktana, er kunna að verða gerðar. Ennfremur eru allir skyldir til að þola áveituna eftir þeim fyrirmælum, sem samþykkt þessi gerir, og hafi þeir allir fjelagsskap sín á milli í þeim tilgangi :

1. Að færa sjer vatnshækkunina í nyt á sem haganlegastan hátt eftir þörf og aðstöðu.
2. Sporna við því, að vatnshækkunin brjóti nýja farvegi og valdi með því tjóni á landi eða vatnspurð.
3. Að sjá um að stíflurnar geri eigi þá hindrun á afrenslí Mývatns, að það lækki ekki niður að sínu venjulega meðalhæðarmarki, þegar vatninu er hleypt af áveitusvæðunum.

4. gr.

Aðalfund í áveitufjelagi þessu skal halda á tímabilinu frá miðjum apríl til 1. maí ár hvert. Skulu þar kosnir 3 menn í framkvæmdarstjórn fjelagsins til eins árs í senn. Stjórnin hefir forgöngu að öllum framkvæmdum fjelagsins, sem eigi eru beinlínis öðrum faldar, og heldur reikninga þess. Hún skiftir sjálf með sjer verkum, en formaður boðar til funda í fjelaginu og stýrir þeim.

Á aðalfundi skulu lagðir fram reikningar fjelagsins umliðið ár, endurskoðaðir af þartil kjörnum mönnum á aðalfundi. Þar skulu og teknar ákvarðanir um framkvæmdir fjelagsins á komandi ári. Heimilt er stjórninni að boða til aukafunda, ef þörf krefur. Um atkvæðisrjett í fjelaginu og samþykktarvald funda fer eftir gildandi lögum um vatnsveitingar.

5. gr.

Að öllum jafnaði verður eigi annar sameiginlegur kostnaður fjelagsins en árlegur stíflukostnaður, og það sem rætt er um í 3. gr. 2. og 3. lið; ennfremur árlegt eftirlit samkvæmt 7. gr. Þó getur aðalfundur ákveðið að styrkja fyrir- tæki, er snerta áveituna og nauðsyn þykir til að framkvæmd verði.

95
31. júlí

6. gr.

Öllum sameiginlegum kostnaði við áveituna skal stjórn hennar skifta milli jarða eftir stærð og heymagni þess lands, sem vatn næst yfir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr, samkvæmt lögum um vatnsveitingar.

7. gr.

Stjórn fjelagsins skal ráða einn mann á hverju ári til þess að hafa framkvæmd og aðalumsjón á öllum stíflum fjelagsins, sem eigi eru sjerstaklega faldar verkfróðum mönnum, og nefnist hann stíflustjóri, og er heimilt að ráða til þess utanfjelagsmann. Aðalverksvið hans árlega er: að stífla, að hafa eftirlit með stíflunum meðan vatnið stendur á; að taka stíflurnar úr, og fleira er áveituna snertir, alt eftir nánari fyrirmælum fjelagsstjórnar. Laun stíflustjóra teljast til sameiginlegs kostnaðar.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að taka sjer aðstoðarmann við skiftingu sameiginlegs kostnaðar á jarðirnar, sem 6. gr. ræðir um.

9. gr.

Enginn má leiða vatn burtu af áveitusvæðinu, nema í samráði við fjelagsstjórn, og fái einhver leyfi til þess, þá ber hann sjálfur allan kostnað, er af því kann að leiða.

10. gr.

Biði einhver tjón af áveitunni, getur hann gert kröfu til skaðabóta samkvæmt vatnsveitingalögum.

11. gr.

Allan sameiginlegan starfskostnað samkvæmt samþykkt þessari skal fjelagsstjórn innheimta með nægum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslu er heimilt að taka gjöldin lögtaki samkvæmt lögum.

Reglugjörð þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjer með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. júlí 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.